



Í upphafi áhættustýringarferlisins er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir og skilgreina hvaða áhættu fyrirtækið býr við.

Áhættustýring fyrirtækja og afleiðusamningar

Sigurður Einarsson, forstjóri Kaupþings hf.
Sigurjón Geirsson, forstöðumaður endurskoðunardeildar Landsbanka Íslands hf.

Fjármálaumhverfi stjórnenda fyrirtækja verður stöðugt flóknara og áhættur í rekstri fyrirtækja eru sennilega fleiri en fyrr. Nútíma rekstrarumhverfi býður hins vegar upp á fleiri möguleika til arðsemi og áhættustýringar en áður þekktust. Í takt við aukið frjálsræði og aukna möguleika til áhættustýringar og markvissrar fjármálastjórnunar má því segja að hið fornkvæða að „hver er sinnar gæfu smiður“ eigi sennilega aldrei betur við en einmitt nú. Í þessari grein verður fjallað um áhættustjórnun og hvernig nýta megi þá samninga sem kallaðir hafa verið afleiðusamningar (e. derivatives) við áhættustýringu hjá fyrirtækjum og stofnunum. Fjallað verður um eðli þessara samninga og hver séu helstu áhættuþættir sem tengjast notkun þeirra.

Virk áhættustjórnun

Þótt afleiðusamningar séu vel til þess fallnir að minnka áhættu í rekstri, svo sem nánar verður fjallað um hér á eftir, þá er oft hægt að minnka áhættu fyrirtækis með einfaldari og ódýrari aðgerðum s.s. með jöfnun eigna og skulda í gjaldmiðlum, jöfnun inn- og útgreiðslna í tíma o.s.frv. Áður en tekin er ákvörðun um aðgerðir til að minnka

áhættu fyrirtækis er einnig mikilvægt að hafa í huga að líklegt er að hluti af hagnaði fyrirtækis fyrri ára sé tilkominn einmitt vegna þátta sem skilgreindir eru sem áhættuþættir hjá fyrirtækinu. Þannig, um leið og tekin er ákvörðun um að tryggja sig gegn óhagstæðri þróun einhvers áhættuþáttar s.s. gengi gjaldmiðils eða þróun vaxta, er verið að taka ákvörðun um að fara á mis við hagnað ef þróun þessa þáttar verður hagstæð.

Af þessu leiðir sú grundvallarregla að ákvörðun um notkun afleiðusamninga við áhættustýringu skuli vera byggð á ákvörðun um markvissa áhættustjórnun fyrir fyrirtækið í heild þar sem skilgreindir hafa verið áhættuþættir í rekstri, ásættanleg áhætta fyrirtækisins, áhættumörk o.s.frv. Áður en lengra er haldið er því rétt að fara stuttlega yfir helstu atriði í því sem kalla má áhættustýringarferli fyrirtækis.

Áhættustýringarferlið

Í upphafi áhættustýringarferlisins er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir og skilgreina hvaða áhættu fyrirtækið býr við. Þannig þarf að greina skuldunauta-áhættu, lausafjáraáhættu, vaxtaáhættu, gengisáhættu, verðáhættu og aðra áhættuþætti sem eru í rekstri viðkomandi fyrirtækis. Ekki er allt sem sýnist í þessum efnunum og raunverulegir áhættuþættir hjá fyrirtækinu geta oft verið allt aðrir en þeir virðast vera í fljótu bragði. Mikilvægt er því að litið sé til allra þátta sem áhrif hafa á rekstur fyrirtækis og samkeppnisstöðu þess og leitast sé við að meta innbyrðis fylgni ólíkra áhættuþátta. Gott dæmi um mikilvægi þess að litið sé á fyrirtækið í heild er þegar Volvo í Svíþjóð ákvað að minnka gengisáhættu sína vegna bifreiðasölu á Bandaríkjamarkaði. Þegar allir þættir höfðu verið skoðaðir kom í

Efni blaðsins:

Áhættustýring fyrirtækja og afleiðusamningar - **1**

Árið 2000, hvað skal gera? - **5**

Verðbréfaþing fjallar um 2000-vandamálið - **5**

Upplýsingagjöf skráðra félaga til Verðbréfaþings Íslands- **6**

Löggilding til endurskoðunar í Ameríku - **9**

Frá IASC - **10**

Sjónarmið endurskoðanda - **11**

FEE Euro ráðstefna Lissabon - **11**



Dagbókin

September

- 2. Hádegisverðarfundur
- 18.-19. Endurskoðunardagar

Október

- 7. Hádegisverðarfundur

Nóvember

- 4. Hádegisverðarfundur
- 13.-14. Haustráðstefna FLE
- 14. Félagsfundur/aðalfundur FLE
- 14. Árhátíð FLE

Desember

- 2. Hádegisverðarfundur

Janúar

- 6. Hádegisverðarfundur

Ljós að raunveruleg áhætta Volvo á Bandaríkjamarkaði var gengi þýska marksins gagnvart dollar, þar sem markaður fyrir Volvo bifreiðir á þeim markaði réðst fyrst og fremst af verði þýskra bíla. Því reyndist nauðsynlegt fyrir fyrirtækið að tryggja sig gegn gengissveiflum á milli dollars og þýsks marks en ekki dollars og sænskrar krónu eins og í fyrstu var ætlað.

Eftir að áhætta fyrirtækis hefur verið greind þarf að meta mikilvægi hverrar áhættu, þ.e. hversu mikil áhrif viðkomandi áhætta getur haft á rekstur og afkomu fyrirtækisins. Einnig þarf að skilgreina hvað sé ásættanleg áhætta í rekstrinum með hliðsjón af markmiðum og fjárhagslegum styrk fyrirtækisins.

Þegar þetta hefur verið gert er eðlilegt að settar séu starfs- og áhættureglur. Hér er mjög mikilvægt að huga að hlutverki stjórnar viðkomandi fyrirtækis. Í starfs- og áhættureglum, sem setja þarf, ber að draga fram markmið með áhættustjórnun fyrirtækis, framkvæmd áhættustýringar, verklagsreglur og hvornig eftirliti, skráningu og reglubundinni skýrslugerð um áhættustöður skuli háttáð.

Að lokinni þessari forvinnu er tímabært að huga að hvornig hægt sé að hafa áhrif á þá áhættu sem fyrirtækið býr við. Sjálfsagt er að byrja á því að gera þær ráðstafanir sem mögulegar eru með venjulegri hagræðingu í formi jöfnunar skulda og eigna á milli gjaldmiðla, með því að jafna skuldum og eignum saman tímalega séð o.s.frv. Þegar þessu er lokið er loks kominn tími til að huga að þeim afleiðusamningum sem í boði eru og sem nota má til þess að ná settum markmiðum fyrirtækisins varðandi áhættustöður.

Afleiðusamningar

Afleiðusamninga má skilgreina sem samninga þar sem uppgjörsákvæði samnings byggir á þróun einhvers þáttar s.s. vaxta, gengis gjaldmiðla, hlutabréfagengi eða hlutabréfavísitölu eða markaðsverði á hrávöru. Virði slíks samnings er afleitt af þróun þessara þátta frá samningsdegi til uppgjörsdags og sem reiknast af ákveðinni viðmiðunarfrjárhæð sem tilgreind er í samningnum.

Það leiðir af eðli afleiðusamninga að þá má nota jafnt til að minnka áhættu hjá fyrirtæki eða auka hana. Einnig er hægt að nota afleiðusamninga til hreinnar spákaupmennsku og eru afleiðusamningar mjög vel til þess fallnir þar sem það er eðli afleiðusamninga að hægt er að taka mjög mikla áhættu án verulegrar fjárbindingar.

Tiltölulega stutt er síðan hérlend fyrirtæki og stofnanir byrjuðu að huga að notkun afleiðusamninga sem stýritæki við áhættustjórnun. Það eru heldur ekki mörg ár síðan að gjaldeyrisreglur hömluðu íslenskum fyrirtækjum að verjast gengisáhættu íslensku krónunnar með gerð afleiðusamninga.

Hér á eftir verður fjallað um nokkrar tegundir afleiðusamninga, þ.e. þær tegundir sem helst hafa verið notaðar hérlendis á undanförunum mánuðum og árum.

Framvirkir gjaldmiðlasamningar

Framvirkur gjaldmiðlasamningur er sennilega algengasta afleiðan sem notuð er hérlendis. Framvirkur gjaldmiðlasamningur er skilgreindur sem viðskipti þar sem ákveðið er að kaupa eina mynt fyrir aðra á ákveðnum tíma í framtíðinni, t.d. eftir 3 mánuði, en verðlagning og staðfesting fara fram í dag. Það skal tekið fram að hið framvirka gengi sem samið er um í slíkum samningum hefur ekkert með væntingar um gjaldeyrisþróun að gera heldur er það ákvarðað með hliðsjón af mismuni á vaxtastigi þeirra gjaldmiðla sem samningurinn nær til. Þessi staðreynd gerir það að verkum að hver framvirkur samningur hefur innbyggðan sérstakan vaxtaþátt sem m.a. þarf að taka tillit til við reikningskil slíkra samninga.

Vilnanir

Vilnanir, einnig nefndir valréttar-samningar, eru nokkuð frábrugðnar framvirkum samningum. Þær tryggja ákveðið gengi en kaupandi vilnunar verður ekki fyrir tapi við óhagstæða gengisþróun þar sem hann hefur einungis rétt, ekki skyldu til að nýta sér samninginn. Fyrir þennan rétt þurfa þeir hins vegar að greiða þóknun til seljanda vilnunarinnar. Þessa þóknun má bera saman við tryggingariðgjald, enda er



verðlagning á gjaldeyrisvinnun í raun fyrst og fremst byggð á líkindum þess að hagkvæmt verði fyrir kaupanda samningsins að nýta sér hann á uppgjörstegi. Jafna má þessu við líkindareikning hjá tryggingafélagi á því að til tjóns komi.

Skiptasamningar

Skipta má skiptasamningum upp í tvo meginflokka, vaxtaskiptasamninga og gjaldmiðlaskiptasamninga.

Vaxtaskiptasamningur er samningur milli tveggja aðila um gagnkvæma greiðslu vaxta, sem reiknast af ákveðinni viðmiðunarfjárhæð. Með gerð vaxtaskiptasamnings getur fyrirtæki breytt skuldbindingu, sem ber breytilega vexti, yfir í skuldbindingu sem ber fasta vexti eða öfugt. Hins vegar þar að hafa í huga að um sjálfstæðan samning er að ræða sem þarf ekki að tengjast upphaflegri skuldbindingu viðkomandi aðila eða lánveitanda.

Gjaldmiðlaskiptasamningar eru, eins og nafnið segir til um, samningar milli tveggja aðila um að breyta skuldbindingum úr einni mynt yfir í aðra. Þannig skiptast aðilar gjaldmiðlaskiptasamnings á höfuðstólum í upphafi samnings, vaxtagreiðslum á samningstímanum og síðan aftur á höfuðstólum í lok samnings. Að öðru leyti virkar gjaldmiðlaskiptasamningur á svipaðan hátt og vaxtaskiptasamningur.

Áhættuþættir sem tengdir eru afleiðusamningum.

Í upphafi þessarar greinar var sagt að áður en til ákvörðunar um notkun afleiðusamninga kæmi, væri mjög mikilvægt að gera sér grein fyrir þeirri áhættu sem fyrirtækið býr við í rekstri sínum og að ekki ætti að nota afleiðusamninga við áhættustýringu fyrr en farið hafi verið í gegnum það ferli sem lýst var, varðandi mat á áhættu o.fl. Það er hins vegar mikilvægt að gera sér grein fyrir að það eru áhættur tengdar afleiðusamningunum sjálfum. Fjöldi dæma erlendis frá um fyrirtæki og stofnanir sem hafa farið illa út úr notkun afleiðusamninga sanna þetta svo ekki verður um villst. En hverjir eru þessir áhættuþættir?

Útlánaáhætta

Eins og í öllum viðskiptalegum samböndum þar sem myndast kröfuréttarsamband getur fyrirtæki skaðast ef mótaðili afleiðusamnings lendir í greiðsluþroti. Útlánaáhætta afleiðusamninga er hins vegar oftast lítil og miklu lægri en ef um hefðbundin lánaviðskipti er að ræða. Þetta skýrist af því að útlánaáhættan er í flestum tilfellum einungis háð þróun á markaðsvirði afleiðusamningsins þar sem almennt kemur ekki til uppgjors á viðmiðunarfjárhæð samningsins.

Markaðsáhætta

Markaðsáhættu afleiðusamninga má skilgreina sem þá hættu sem er á því að fyrirtæki líði fjárhagslegt tap vegna breytinga sem geta orðið á markaðsvirði afleiðusamnings. Þannig getur markaðsáhættan verið tengd vöxtum, gengi gjaldmiðla, gengi hlutabréfa eða hverjum þeim þætti sem áhrif getur haft á virði viðkomandi afleiðusamnings. Í umræðu um markaðsáhættu afleiðusamninga verður að hafa í huga að ekki er rétt að líta á markaðsáhættu afleiðusamningsins eina og sér heldur verður að líta á markaðsáhættu fyrirtækisins í heild. Sem dæmi má nefna að ef markmið með gerð afleiðusamningsins er að lágmarka vaxtaáhættu fyrirtækisins með því að umbreyta fastvaxta greiðslum af láni í nettó vaxtagreiðslur sem taka mið af breytilegum vöxtum, þá breytist virði afleiðusamningsins jafn mikið og raunvirði viðkomandi fastvaxtaskuldar ef breytingar verða á almennu vaxtastigi.

Ein tegund markaðsáhættu sem tengd er afleiðusamningum, sem fyrirtæki nota við áhættustýringu, er sú hættu sem er á því að virði afleiðusamnings þróist á annan hátt en sá liður sem honum var ætlað að baktryggja. Fjöldmörg dæmi hafa komið upp erlendis að undanfögnu þar sem þetta hefur gerst í sambandi við flókna afleiðusamninga, þ.e. afleiðusamninga sem taka mið af mörgum ólíkum þáttum. Dæmi um þetta er stórfellt tap Procter & Gamble í Bandaríkjunum þar sem fyrirtækið tapaði vegna afleiðusamnings sem, þegar á reyndi, virkaði alls ekki eins og honum

Það er hins vegar mikilvægt að gera sér grein fyrir að það er áhætta tengd afleiðusamningunum sjálfum. Fjöldi dæma erlendis frá um fyrirtæki og stofnanir sem hafa farið illa út úr notkun afleiðusamninga sanna þetta svo ekki verður um villst.



Tilvist þessara samninga gefur aukna möguleika á að hafa áhrif á og stjórna áhættustöðu fyrirtækisins, í stað þess að berast með vindum og láta afkomu fyrirtækisins ráðast alfarið af þróun ytri aðstæðna.

var ætlað að virka. Sama getur gerst með einfaldari tegundir afleiðusamninga ef ekki er rétt staðið að mati á raunverulegri áhættu hjá fyrirtækinu samanber dæmið um gengisáhættu Volvo hér að framan. Loks er rétt að vara við markaðsáhættu afleiðusamninga sem gerðir eru á grundvelli óstaðfestra viðskipta eða söluspá. Þótt gerð slíkra samninga geti verið rétt til að lágmarka gengisáhættu fyrirtækisins þá er til staðar hættu á því að fyrirtækið sitji uppi með afleiðusamninginn ef ekkert verður af áætluðum viðskiptum. Þetta á þó ekki við um vilnanir samanber umfjöllun hér að framan.

Vaxtaáhætta er einn mikilvægasti þáttur markaðsáhættunnar. Mikilvægi áhættunnar verður e.t.v. best lýst með því að taka dæmi um verðbréfasafn sem ber fasta vexti að upphæð 1 milljarður. Við gefum okkur að meðallengd bréfa í þessu safni sé 8 ár en reiknaður svokallaður rauntími (meðallíftími) sé 5 ár. Verði 1% vaxtabreyting þýðir það að verðmæti viðkomandi verðbréfasafns breytist um rúmlega 50 milljónir króna.

Samningsáhætta

Þriðja tegund áhættu sem tengd er afleiðusamningum er það sem nefna má samningsáhættu eða löggerningaráhættu en það er hættan sem er á því að afleiðusamningurinn haldi ekki lagalega á þann hátt sem ráð var fyrir gert. Dæmi um þetta eru sérstök ákvæði afleiðusamnings um skuldajöfnun, en slík ákvæði eru ómerk ef þau stangast á við gjaldþrotalög viðkomandi lands.

Eftirlitsáhætta

Síðast en ekki síst er rétt að minnst á það sem kalla má eftirlitsáhættu afleiðusamninga. Það er sú hættu sem er á því að fyrirtæki verði fyrir fjárhagslegu tapi vegna ónógs eftirlits með afleiðusamningum og þeim áhættuþáttum sem þeim er ætlað að hafa áhrif á.

Þar sem gerð afleiðusamninga kallar oft á litla, ef þá nokkra, útgreiðslu fjár getur verið mjög erfitt fyrir t.d. endurskoðanda að fá vitneskju um tilvist þeirra. Af sömu ástæðum eiga hefðbundnar fjárhæðarviðmiðanir varðandi heimildir til starfsmanna við gerð viðskipta-

samninga án samþykkis yfirstjórnar fyrirtækis ekki við þegar um afleiðusamninga er að ræða.

Þótt harmsögur, sem borist hafa erlendis frá um stórfelld töp fyrirtækja vegna afleiðusamninga gefi þá ímynd að hér sé um að ræða einhver stórhættuleg fyrirbæri sem allir réttssýnir menn eigi að varast í lengstu lög, þá er staðreyndin sú að afleiðusamningar eru fyrst og fremst gagnleg og mjög öflug tæki til notkunar í áhættu- og fjárstýringu og geta minnkað áhættu fyrirtækja séu þeir rétt notaðir. Tilvist þessara samninga gefur aukna möguleika á að hafa áhrif á og stjórna áhættustöðu fyrirtækisins, í stað þess að berast með vindum og láta afkomu fyrirtækisins ráðast alfarið af þróun ytri aðstæðna. Í raun má því með réttu segja að það að nota ekki þau verkfæri sem tiltæk eru s.s. afleiðusamninga, til að forða fyrirtæki frá fjárhagslegum áföllum vegna óhagstæðrar þróunar ytri þátta sé ekkert minni yfirsjón en það að nota afleiðusamninga viljandi eða óviljandi í andstöðu við markmið viðkomandi fyrirtækis.



Árið 2000, hvað skal gera?



Á vegum FEE hefur verið gefin út bók sem heitir „The SME business guide to the Year 2000, step-by-step advice for the smaller enterprise“. Bókin skiptist í 22 kafla og er afbrigðis leiðbeiningabók fyrir alla þá sem einhver afskipti hafa af tölvumálum fyrirtækja.

Í fyrstu hlutum bókarinnar er farið yfir vandamálið sjálft, hvað gerist, hvers vegna og hverjar afleiðingarnar geta orðið. Farið er yfir hvar líklegast er að vandamálið geti stungið upp kollinum. Sem dæmi um tæki á skrifstofunni sem geta bilað vegna 2000-vandans má nefna bókhaldskerfið, símsvara, símkerfið, faxtæki, ljósritunarvél og stimpilklukkur. Í byggingum má nefna loftræstingu, brunavarnakerfi, lyftur, öryggishólf og öryggiskerfi og í bankakerfinu nánast allt kerfið, kreditkort og debetkort.

Í einum kafla bókarinnar er farið yfir hvað þarf að vita og gera. Svokallaður gátlisti er útbúinn sem menn geta síðan unnið eftir. Áður en nokkuð annað er gert er mikilvægt að sjá til þess að ekki sé keyptur neinn nýr búnaður nema hann sé þannig úr garði gerður að ártalið 2000 hafi engin áhrif á virkni hans. Í öðru lagi er nauðsynlegt að útnefna einhvern innan fyrirtækisins sem ber ábyrgð á verkinu. Í þriðja lagi er gott að nota gátlista til að vinna eftir. Nokkrir slíkir eru birtir í bókinni en hér á eftir fer lausleg þýðing eins þeirra:

Skráning tækjabúnaðar innanhúss.

Útbúa þarf lista yfir öll tæki sem eru tölvustýrð í fyrirtækinu. Hér er um að ræða bæði hugbúnað og vélbúnað og einnig sjálfvirkan búnað eins og til dæmis simkerfi.

Skráning tölvutenginga við

utanaðkomandi aðila. Hér má til dæmis nefna tengingu við skattstjórnann, internetið, þjóðskrá, birgja o.s.frv.

Kortagerð. Notið áður nefnda tvo lista til að draga upp nákvæmlega hvernig upplýsingar og gögn berast á milli.

Forgangsröðun. Nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir hvað er mikilvægasti hlekkurinn í keðjunni.

Greining. Fara þarf yfir hvern búnað og komast að því hvort hann er í lagi eða ekki með tilliti til ársins 2000. Í framhaldi af því taka við þrír möguleikar, viðgerð, uppfærsla eða akstur á ruslahauginn.

Utanaðkomandi hjálp. Er þörf á slíku? Hvar fæst slík aðstoð?

Kostnaðaráætlun. Þetta er ekki hægt að gera fyrr en í ljós hefur komið hversu víðtækt vandamálið er líklegt til að verða og hvort þörf er á utanaðkomandi hjálp.

Framkvæmd.

Prófanir.

Í niðurstöðum bókarinnar segir meðal annars:

„Árið 2000 vandamálið er ekki sanngjarn. Það er ekki þér að kenna. Það er ekki hægt að láta sem það sé ekki til. EN ÞAÐ ER HÆGT AÐ VINNA BUG Á ÞVI. Ekkert dularfullt er við vandamálið, ástæður þess eru alveg ljósar. Vandamálið þrífst fyrst og fremst á fáfræði, sinnuleysi og örvæntingu. Með ákveðni og dugnaði er lítið mál að koma í veg fyrir það. Vertu ekki fórnarlamb heldur sigurvegari.“

Frekari upplýsingar má finna á netinu á eftirfarandi slóðum:

<http://www.support2000.com>

www.bis.org.ongoing

Bókin er til sölu á skrifstofu FLE.

Verðbréfaþing fjallar um 2000-vandamálið.

Stjórn Verðbréfaþings Íslands hefur fjallað um aðgerðir VÞÍ til að mæta svonefndu 2000-vandamáli, öðru nafni aldamótavanda.

Það er alkunna að hætt er við að ýmis tölvukerfi bregðist rangt við áramótunum 1999-2000 eða tímabilinu þar í kring með ófyrirséðum afleiðingum, s.s. gagnamissi og fjárhagstjóni. Slík vandamál gætu leitt til truflana í starfsemi þingsins sjálfs og þeirra aðila sem gefa út verðbréf eða miðla þeim. Truflanir gætu valdið óvissu í verðmyndun bréfa og torvelað viðskipti með þau. Verðbréfaþing hefur í hyggju að taka á þessu vandamáli með þrennu móti.

Þingið sjálft: Gerðar verða prófanir á hug- og vélbúnaði þingsins og samskiptum við búnað þingaðila, m.a. í tengslum við fyrirhugaðar uppfærslur á hugbúnaði viðskiptakerfisins.

Þingaðilar: Bankaefirlit Seðlabanka Íslands hefur þegar beint sjónum sínum að því hvernig fjármála- stofnanir þ.á.m. þingaðilar VÞÍ, hyggjast bregðast við vandanum. Verðbréfaþing mun því vinna með bankaefirlitinu að þeim þáttum sem snúa að þingaðilum til að komast hjá tvíverknadi.

Útgefendur skráðra verðbréfa:

Útgefendum hefur verið sent bréf með eindregnum tilmælum um að í ársskýrslum, sem birtar verða eftir 1. september 1998, verði fjallað um þetta vandamál á eftirfarandi hátt:

Hvort og hvernig „2000-vandamálið“ geti hugsanlega skaðað útgefandann. Hvernig unnið sé að því að verjast slíkum skaða. Hvað slíkar aðgerðir kosti. Hvernær slíkum aðgerðum verði lokið. Hvaða afleiðingar það kann að hafa fyrir útgefandann ef hann getur ekki varist slíkum skaða.

Umfjöllun þessi verði jafnframt í fréttatilkynningu vegna birtingar ársreiknings.



Upplýsingagjöf skráðra félaga til Verðbréfaþings Íslands hf.



Helena Hilmarsdóttir,
skráningar og aðildarsviði VPÍ

Í byrjun júlí sendi Verðbréfaþing Íslands félögum skráðum á þinginu bréf þar sem fjallað var um upplýsingagjöf þeirra í tengslum við ársreikning ársins 1997 og fer útdráttur úr því bréfi hér á eftir:

Verðbréfaþing Íslands hefur um nokkurt skeið haft í hyggju að auka faglega umfjöllun um reikningsskil. Nú hefur verið ákveðið að stíga skref í þá átt með reglubundnari skoðun en áður á ársreikningum og upplýsingum þeim tengdum sem félögin senda þinginu.

Hér að neðan eru talin upp nokkur af þeim atriðum sem þingið sér ástæðu til að vekja athygli á en nánari umfjöllun fylgir á eftir.

Helstu niðurstöður skoðunar á fréttatilkynningum:

- * Rúmur helmingur tilkynnti of seint um birtingu fréttatilkynningar
- * Fæstar fréttatilkynninganna hófust á lykil- og kennitölum
- * 36% félaganna fjalla ekkert um horfur í fréttatilkynningunni
- * 62% félaganna greina ekki frá dreifingardegi ársreiknings

Helstu niðurstöður skoðunar á ársreikningum:

- * Minna þurfti allmörg félög á að skila ársreikningi á tilskildum tíma
- * 38% félaganna sýna ekki afkomu af reglulegri starfsemi eftir skatta

Verðbréfaþing Íslands hefur um nokkurt skeið haft í hyggju að auka faglega umfjöllun um reikningsskil. Nú hefur verið ákveðið að stíga skref í þá átt með reglubundnari skoðun en áður á ársreikningum og upplýsingum þeim tengdum sem félögin senda þinginu.

- * Hjá tæpum helmingi félaga eru langtímaskuldir rangt flokkaðar
- * Mismunandi er hvort tillaga um úthlutun arðs er skuldfærð eða ekki
- * Skýringar um óefnislegar eignir eru ófullnægjandi í þriðjungu tilfella
- * Skýringum um eigin hluti er oft ábótavant
- * Skýringar um skatta og frestaða skattskuldbindingu eru sjaldnast fullnægjandi

Fréttatilkynningar

Fyrirvari birtingar

Tilkynna skal áætlaða birtingarviku fréttatilkynningar með 15 daga fyrirvara. Fréttatilkynninguna skal senda í kjölfar þess stjórnarfundar sem samþykkir ársreikninginn og var það oftast gert. Þetta ákvæði miðar að því að stytta þann tíma sem líður frá gerð ársreiknings til birtingar hans og er því óæskilegt að það dragist að halda stjórnarfund þegar gerð ársreiknings er lokið.

Upphaf tilkynningar

Viðmiðun VPÍ nr. 1 gerir ráð fyrir því að fréttatilkynningin hefjist á lykiltölum og kennitölum fyrir síðustu 5 ár ef mögulegt er. Mikill minnihluti félaga hafði lykiltölnar í upphafi en hugsunin er sú að strax á fyrstu síðu megi fá mynd af afkomu og stöðu félagsins og síðan komi nánari umfjöllun um niðurstöðurnar

Horfur

Rúmur þriðjungur félaganna fjallaði ekkert um horfur og hjá nokkrum félögum var umfjöllunin afar stutt. Forráðamenn fyrirtækja sem skráð eru á verðbréfaþingi hafa án efa áætlanir og áform um nánustu framtíð og því umhugsunarvert að þeir skuli ekki vera viljugri að segja frá þeim en slíkar upplýsingar eru fjárfestum mjög gagnlegar við mat á félögum og framtíð þeirra.



Aðalfundardagur og tillögur

Í fréttatilkynningu á að koma fram hvenær aðalfundur verður haldinn og hvaða tillögur verða lagðar fram.

Dreifingardagur ársreiknings

Núverandi fyrirkomulag, að birta fréttatilkynningu um afkomu og efnahag áður en ársskýrslan er tilbúin til dreifingar, kallar á að upplýst sé hvenær nálgast megi skýrsluna hjá félaginu.

Samantekt

Á næsta ári mun þingið ætlast til þess að félögin hafi kynnt sér reglur þessar og fari að viðmiðunum og verður brugðist harðar við frávikum en gert var nú. Það er einnig ljóst að kröfur fjárfesta og fjölmiðla um vandaða upplýsingagjöf félaga á hlutabréfamarkaði verða æ meiri. Sérstaklega hefur verið nefnt að mikið gagn væri að stöðlun fréttatilkynninga þannig að fyrirsagnir og röðun efnis væri í samræmi við viðmiðanir VÞÍ.

Ársreikningar

Um ársreikninga flestra skráðra félaga gilda lög um ársreikninga nr. 144/1994 og reglugerð sett á grundvelli þeirra nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Í 16. gr. reglna VÞÍ um viðvarandi upplýsingaskyldu útgefenda sem fengið hafa bréf sín skráð á Verðbréfaþingi Íslands er kveðið á um að skráð félag skuli leitast við að láta reikningsskil sín ávallt uppfylla ströngustu kröfur sem gerðar eru til félaga í þeirri grein sem félagið starfar í. Þau skulu samin í samræmi við gildandi lög, góða reikningsskilavenju og viðmiðanir VÞÍ hverju sinni.

Skil ársreikninga

Samkvæmt framangreindri 16. grein skal senda ársreikninginn til VÞÍ þegar hann er fullgerður og eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs.

Þau atriði sem algengt er að ekki séu í samræmi við löggin eða reglugerðina verða rakin hér en að öðru leyti mun

þingið beina fyrirspurnum og athugasemdum til einstakra félaga.

Skýrsla stjórnar

Í skýrslu stjórnar skýra flest félög frá því sem lög kveða á um. Þó skal á það bent að félögum sem skráð eru á opinberu verðbréfaþingi ber að greina frá samanburði á raunverulegri afkomu og rekstraráætlun, hafi hún verið birt, ásamt skýringum á helstu frávikum.

Rekstrarreikningur

Reglugerðin mælir fyrir um uppsetningu rekstrarreiknings og verður að telja nauðsynlegt að sundurliða í skýringum þá liði sem félögin kjósa að birta í styttra máli en reglugerðin gerir ráð fyrir. Undantekningarlaust er afkoma af reglulegri starfsemi fyrir skatta á vísu stað en eftir það er nokkuð um að röðun liða sé önnur en reglugerðin kveður á um. Þar segir að skatta af reglulegri starfsemi og afkomu eftir frádrátt þeirra skuli sýna sérstaklega. Síðan skal telja óreglulega liði og skatta þeim tengdum og áhrif dóttur- og hlutafélaga síðast. Afkoma félags af reglulegri starfsemi að teknu tilliti til skatta er mikilvæg stærð og því óviðunandi að hún finnist ekki í rekstrarreikningi félags. Einnig má benda á í þessu sambandi að skattaáhrif liða sem færðir eru beint á eigið fé, svo sem arðs, skal samkvæmt góðri reikningsskilavenju færa þar líka. Ef þeirri reglu væri fylgt ætti tekjuskattshlutfall samkvæmt rekstrarreikningi að vera mjög nálægt því sem skattalög kveða á um en eins og staðan er nú er allur gangur á því hvaða hlutfall kemur út úr þeim útreikningi. Þess má geta að í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum er krafist skýringa ef reiknað hlutfall tekjuskatts í rekstrarreikningi er ekki í samræmi við tekjuskattshlutfall samkvæmt gildandi lögum viðkomandi lands.

Efnahagsreikningur

Nokkur félög fylgja ekki þeirri skiptingu veltufjármuna sem ætlast er til þannig að birgðir, kröfur, verðbréf og handbært fé eru ekki lögð saman. Stór hluti félaga flokkar langtímaskuldir á annan hátt en reglugerðin mælir fyrir um og er skipting

Áhugaverðar bækur, tímarit og heimasíður

Skatta- og tollatíðindi

Fjármálaráðuneytið, yfirs kattanevnd, ríkistollanevnd og ríkisskattstjóri.

FEE Business Guide to the Year 2000

FEE, Mike Kusmirak

International Accounting Standards 1998

International Accounting Standards Committee

International Accounting Bulletin

Lafferty Publications Ltd.

Video Programme, Understanding IAS

International Accounting Standards Committee

www.ifac.org

www.iasc.org.uk

www.electronic-accountant.com

(ATH. ekki bandstrikið)

www.fee.be

www.althingi.is



Reikningsskilanefnd FLE hefur mælt með allt að tíu ára afskriftatíma aflaheimilda en nokkuð er um að þær séu afskrifaðar á lengri tíma en tíu árum. Ekkert þeirra félaga sem hefur yfir aflaheimildum að ráða upplýsir um markaðsverð þeirra og mismunandi er hversu langt er gengið í sundurliðun aflaheimilda eftir tegundum.

milli íslenskra og erlendra skulda algengust. Þá eru nokkur félög sem ekki færa á yfirverðsreikning hlutafjár það sem þar á að færast en nota áfram lögbundinn varasjóð til að taka við yfirverði. Allmörg félög færa endurmatsreikning á óráðstafað eigið fé þrátt fyrir að reglugerðin geri ráð fyrir því að hann sé sýndur sérstaklega. Með slíkri framsetningu er hvorki hægt að sjá þá nálgun við raunverulega uppsafnað óráðstafað eigið fé né endurmetið innborgað hlutafé sem annars fæst.

Flest félög færa upp tekjuskattskuldbindingu ef við á en þó eru dæmi um að hennar sé aðeins getið í skýringum. Níu félög skuldfæra úthlutaðan arð en þrjátíu og tvö færa hann ekki fyrr en við greiðslu. Þessi mismunandi meðferð arðsins veldur ósamræmi milli fyrirtækja við samanburð á eiginfjárstöðu þeirra og getur verið um verulegar fjárhæðir að ræða. Yfirleitt eru eignarhlutir í dóttur- og hlutdeildarfélögum færðir með hlutdeildaraðferð nema um óverulegar fjárhæðir sé að ræða. Á þessu eru þó undantekningar.

Skýringar

Í skýringum er alltaf greint frá reikningsskilaaðferðum en ekki er alltaf ljóst hvaða félög tilheyra samstæðu og hvort það eru sömu félögin og árið áður. Nokkuð er mismunandi hversu nákvæmlega er greint frá mati á einstökum liðum og eru það helst óefnislegar eignir og eignarhlutir í félögum sem nánari skýringar vantar á. Samkvæmt reglugerðinni skal sundurliða þær eignir sem falla undir liðinn óefnislegar eignir og hreyfingar á þeim, og samkvæmt lögnum skal skýra frá ástæðum fyrir lengri afskriftatíma en fimm árum. Reikningsskilanefnd FLE hefur mælt með allt að tíu ára afskriftatíma aflaheimilda en nokkuð er um að þær séu afskrifaðar á lengri tíma en tíu árum. Ekkert þeirra félaga sem hefur yfir aflaheimildum að ráða upplýsir um markaðsverð þeirra og mismunandi er hversu langt er gengið í sundurliðun aflaheimilda eftir tegundum. Slíkar upplýsingar um magn og verðmæti eru

mikilvægar vegna þess að mismikið af heimildunum er eignfært í efnahagsreikningi.

Í skýringum um eignarhluti í öðrum félögum vantar stundum upplýsingar um matsaðferðir. Einnig er nokkuð um að hlutdeildar í félögum sé ekki getið og þá getur verið óljóst hvort um er að ræða hlutdeildarfélög eða ekki.

Ávallt skal tilgreina fjölda hluta og nafnverð þeirra en hlutafé samkvæmt efnahagsreikningi er oft ekki í samræmi við samþykktir þar sem eigin hlutir hafa verið dregnir frá. Ef um eigin hluti er að ræða skal greina frá fjölda þeirra og nafnverði og hlutfalli þeirra af heildarhlutafé. Einnig skal skýra frá keyptum og seldum hlutum á árinu, kaup- og söluverði þeirra og ástæðu þess að félagið eignaðist eigin hluti á árinu. Sömu upplýsingar þarf að gefa um hluti sem dótturfélag hefur eignast í móðurfélagi eða látið af hendi á árinu. Sundurliðun eigin fjár er yfirleitt fullnægjandi að því undanskildu sem áður er komið fram um yfirverðs- og endurmatsreikning. Í þessu sambandi má geta þess að minnihluti þeirra sem gefa út jöfnunarbréf endurmetur lögbundinn varasjóð sem því nemur sem leiðir til þess að tillag í sjóðinn þarf að vera hærra en ella.

Í ársreikningum tíu félaga er greint frá afleiðusamningum en telja verður að samkvæmt 42. gr. laga nr. 144/1994 skuli geta um slíka samninga þótt ekki sé minnst á þá sérstaklega.

Í skýringar vantar alloft heildarfjárhæð skatta vegna rekstrar á árinu og eigna í lok þess og skattaleg áhrif af óreglulegum rekstrarliðum, sbr. 47. gr. laganna. Flest félög greina frá frestaðri skattskuldbindingu en fæst skipta henni niður á liði ársreiknings eins og ætlast er til.

Samantekt

Það er von VÞÍ að skráð félög taki tillit til athugasemdanna í þessu bréfi og leitist við að fara að lögum, reglum og góðri reikningsskilavenju eins og þeim er frekast unnt. Það er eðlilegt að ætlast til þess að almenningshlutafélög sem eru



skráð á verðbréfaþingi séu til fyrirmyndar hvað varðar reikningsskil og alla upplýsingagjöf. Eins og áður hefur komið fram hyggst þingið leggja áherslu á skoðun reikningsskila í framtíðinni og verður gengið eftir því að fá skýringar á einstökum liðum ársreiknings ef ástæða þykir til.

Þeim sem vilja nálgast bréfið í heild sinni eða reglur VÞÍ er bent á að hafa samband við skrifstofu þingsins.

Löggilding til endurskoðunar í Ameríku



Skrifstofu FLE hefur borist eftirfarandi:

Albion Training Ltd. is offering to make the American CPA (Certified Public Accountant) qualification widely available to candidates from all over the world by handling the complex application and registration process from London, by providing candidates with the best distance-learning materials backed up by tutorial support, and by offering expert classroom tuition as an option. Marc Gardiner, Managing Director of Albion Training Ltd., believes that the US CPA credential will become increasingly attractive as a primary or secondary professional qualification due to its worldwide recognition, and also to the fact that US GAAP is widely accepted as a basis for accounting. For further information contact Albion on 0044-171-431-3033 or by e-mail, seminars@compuserve.com.

Ég bið ekki um hjálp. Ég fæ þjónustu!

Þess vegna er ég í Vörðunni!

• • • „Hjá mér geta tekjur og útgjöld verið misjöfn frá mánuði til mánaðar. Þess vegna læt ég bankann minn um að dreifa útgjöldunum á allt árið. Þetta er þjónusta sem hentar mér mjög vel – þess vegna er ég í Vörðunni.“

•

Þorsteinn er einn af þeim sem þurfa t.d. ekki á láni að halda í dag, en vilja gjarnan eiga rétt á því á morgun. Þetta er dæmi um öruggi og þægindi sem felst í því að hafa öll fjármálin á einum stað.

Í Vörðunni er margt í boði, meðal annars:

- **Yfirdráttarheimild**, allt að 550.000 kr. án ábyrgðarmanns.
- **Vörðulán**, allt að 700.000 kr. án ábyrgðarmanns.
- **Gulldebetkort**íð, aðildarkort Vörðunnar sem veitir aðgang að ýmsum fríðindum.
- **Gullkreditkort**, Visa og Vildarkort Flugleiða.

•

„Hafðu samband við bankann þinn og kynntu þér viðtæka þjónustu Vörðunnar.“



Alvöru þjónusta fyrir alvöru fólk



Þorsteinn Helgason arkitekt



Landsbanki Íslands
Einstaklingsviðskipti

Traustia er hjá þér og ábyrgðin hjá okkur

www.varda.is



FRÁ IASC

Sjá einnig heimasíðu
IASC

<http://www.iasc.org.uk>



IASC hefur gefið út tvo nýja staðla, IAS 35, Aflögð starfsemi, (e. Discontinuing Operations) og IAS 36, Virðisrýrnun eigna, (e. Impairment of Assets).

Fjórar nýjar niðurstöður SIC (Standing Interpretations Committee) voru samþykktar á IASC stjórnarfundum í júlí 1998. Megin tilgangur SIC er að taka fyrir málefni sem varða reikningskilmálefni og eru óljós m.t.t. IASC staðlanna. Eftirfarandi túlkanir voru samþykktar:

SIC - 8: First-Time Application of IAS's as the Primary Basis of Accounting;

SIC - 9: Business Combinations - Classification either as Acquisitions or Unitings of Interests;

SIC - 10: Government Assistance - No Specific Relation to Operating Activities;

SIC - 11: Foreign Exchange - Capitalisation of Losses Resulting from Severe Currency Devaluations.

Nefndin vinnur einnig að fimm nýjum ályktunum; D-12, Consolidation of Special Purpose Entities, D-13, Jointly Controlled Entities - Non-monetary Contributions by Venturers, D-14, Property, Plant and Equipment - Compensation for the Impairment or Loss of Items, D-15, Incentives in an Operating Lease, D-16, Presentation of Treasury Shares.

Nýir staðlar

IASC hefur gefið út tvo nýja staðla, IAS 35, Aflögð starfsemi, (e. Discontinuing Operations) og IAS 36, Virðisrýrnun eigna, (e. Impairment of Assets).

IAS 35. Markmiðið með þessum nýja staðli er skilgreining á hvernig skuli aðgreina upplýsingar þess hluta starfsemi fyrirtækis sem fyrirhugað er að leggja niður, frá þeim upplýsingum sem varða annan rekstur. Þessi greinarmunur á framsetningu upplýsinga í ársreikningi mun gera fjárfestum og öðrum notendum

ársreikninga auðveldarar að spá fyrir um framtíðarrekstur fyrirtækisins. Staðallinn tekur gildi 1. janúar 1999.

IAS 36. Í staðlinum er lýst hvernig meta skuli hvort virðisrýrnun eigi sér stað á eignum fyrirtækja. Sem dæmi má nefna að bókfært verð eignar skal vera söluverð eða virði eignarinnar í notkun, eftir því hvort er hærra. Söluverð eignar er söluverð að frádregnum sölukostnaði. Virði eignar í notkun er fundið út með því að núvirðisreikna framtíðartekjustreymi eignarinnar. Ávöxtunarstuðullinn skal miðast við mat markaðarins á tímavirði peninga og þeirri áhættu sem tengist viðkomandi eign. Staðallinn tekur gildi 1. júlí 1999.

Drög að nýjum staðli.

IASC hefur sent frá sér drög að nýjum staðli, Financial Instruments: Recognition and Measurement. Gert er ráð fyrir að staðallinn taki gildi 1. janúar árið 2001. Athugasemdum skal skila fyrir 30. september 1998.



Sjónarmið endurskoðanda

Guðmundur Jónsson
lögiltur endurskoðandi,
Bókun sf.



FEE Euro ráðstefna, Lissabon, 15. - 16. maí 1998



Ofanritaður vill koma á framfæri nokkrum athugasemdum varðandi nýtt framtal RSK 1.04.

Það er skemmst frá að segja, að það að vera strax skyldaður til að skila hinu nýja rekstrarframtali fyrir alla lögaðila, hefur gjörsamlega sett allar tímaáætlanir mínar úr skorðum hvað varðar skattskil þessara aðila og sú „lausn“ að lengja skilafrest leysir vandann einungis tímabundið.

Vandinn við að koma tímanlega frá sér skattskilum þessara aðila var ærinn fyrir en er þó hreinasta smámál samanborið við það, að útfylla hið nýja form með öllum þeim upplýsinga- og kerfiskröfum, sem þar eru gerðar. Sá gífurlegi viðbótartími sem slíkt krefst, er einfaldlega bara ekki fyrir hendi og ég hugsa með hryllingi til þess, ef sama forms verður einnig krafist á næsta ári fyrir einstaklinga með rekstur eins og manni skilst að sé meiningin. Það hvarflar stundum að manni, að þeir, sem leggja línuna í þessum efnum, standi í þeirri meiningu, að meginhluti verksviðs endurskoðanda felist í að gera sundurliðanir fyrir skattyfirvöld.

Hyggilegra hefði verið að mínu mati að fara mun hægar í sakirnar með þær breytingar, sem gerðar hafa verið og að gefa aðilum lengri tíma til aðlögunar nýjum kröfum. Eins tel ég fullrar íhugunar vert hvort svo ítarleg sundurliðun, sem hið nýja form krefst, er endilega sjálfsögð og hvort ekki mætti þar draga eitthvað úr.

Það hefur, upp á síðkastið, hvarflað að mér að taka mér nýtt starfsheiti og kalla mig „Sundurliðendurskoðanda“ að gefnu tilefni.

Yfir 250 manns sóttu ráðstefnuna sem haldin var í samvinnu FEE Euro-project og Camara dos Revisores Oficiais de Contas. Eftir stutt ávarp formanns CROC, tók fjármálaráðherra Portúgals til máls og ræddi mikilvægi umræðu um áhrif evrópska gjaldmiðilsins á viðskiptalífið. Fulltrúi FEE í Euro-nefndinni, Commissioner de Silguy, fjallaði um hið mikilvæga hlutverk endurskoðanda hvað varðar breytinguna í evrópska gjaldmiðilinn og hvernig þeir geta gegnt lykilhlutverki hvað varðar upplýsingagjöf og hvatningu til fyrirtækja til að búa sig undir breytinguna.

Það sem var sérstaklega eftirtektarvert á ráðstefnunni var sú viðhorfsbreyting að flytja umræðuna frá rökræðum um gildi evrunnar og hvort af henni verði og þá hvenær, yfir í umræðu varðandi þann undirbúning sem fyrirtæki þurfa að fara í gegnum til að standa vel að vígi þegar breytingin gengur í garð. Í þeim vinnuhópum sem störfuðu var m.a. tekið á málefnum eins og þau reikningsskilaskref sem þarf að taka fyrir gjaldmiðilsbreytinguna, verkefnavinna um þann undirbúning sem þarf að fara í gang, fjármálalega þjónustu sem hægt er að sækja til banka, könnun á breyttum upplýsingakerfum og skattamál.

Helstu niðurstöður ráðstefnunnar voru:

a) Upptaka hins evrópska gjaldmiðils er hluti af þeim stöðugu breytingum sem viðskiptalíf Evrópu er að ganga í gegnum, samhliða sífelldri þróun í alheimsviðskiptum og í upplýsingatekni. Viðskiptalíf Evrópu verður að bregðast við þessari þróun og evran er einn hluti þessarar breytingu, sem mun gera evrópskum fyrirtækjum auðveldar um vik á samkeppnismörkuðum.

b) Ábyrgð stjórnenda á að reka fyrirtæki

Það hefur, upp á síðkastið, hvarflað að mér að taka mér nýtt starfsheiti og kalla mig „Sundurliðendurskoðanda“ að gefnu tilefni.

Það sem var sérstaklega eftirtektarvert á ráðstefnunni var sú viðhorfsbreyting að flytja umræðuna frá rökræðum um gildi evrunnar og hvort af henni verði og þá hvenær, yfir í umræðu varðandi þann undirbúning sem fyrirtæki þurfa að fara í gegnum til að standa vel að vígi þegar breytingin gengur í garð.



Til hamingju með afmælið!

75 ára	Sigurður Stefánsson	D&T Endurskoðun	28.06.1998
65 ára	Magnús Eliasson	D&T Endurskoðun	22.07.1998
65 ára	Valdimar Ólafsson	Pricewaterhouse Coopers hf.	18.10.1998
55 ára	Ólafur V. Sigurbergsson	BDO Endurskoðun hf.	04.08.1998
50 ára	Anna Skúladóttir	Reykjavíkurborg	18.06.1998
50 ára	Jón Eiríksson	KPMG Endurskoðun hf.	27.06.1998
50 ára	Sigurgeir Bóasson	Endurskoðunarskrifstofa	03.07.1998
50 ára	Ómar Kristjánsson	Endurskoðun Hafnarfjarðar	16.09.1998
50 ára	Ingólfur Flygenring	Endurskoðunarskrifstofa	07.10.1998
45 ára	Reynir Vignir	Pricewaterhouse Coopers hf.	04.07.1998
45 ára	Ólafur Elísson	D&T Endurskoðun	24.07.1998
45 ára	Sturla Jónsson	Endurskoðun og reikn.	15.09.1998
40 ára	Anna Kristín Traustad.	Endurskoðunarstofan	17.06.1998
40 ára	Sigurður H. Steindórsson	Stoð endurskoðun hf.	22.06.1998
40 ára	Birna Bjarnþórsdóttir	Pricewaterhouse Coopers hf.	24.09.1998
35 ára	Gerður Guðjónsdóttir	Þema hf.	24.07.1998
35 ára	Sigrún Ragna Ólafsdóttir	Stoð endurskoðun hf.	18.08.1998
35 ára	Guðmundur Hjaltason	Löggiltir endurskoðendur.	24.10.1998
30 ára	Sigurður Páll Hauksson	D&T Endurskoðun.	12.07.1998
30 ára	Kristín S. Konráðsdóttir	E.B.E.Á.	30.10.1998

Haustráðstefna FLE

Að þessu sinni verður haustráðstefna FLE 13. - 14. nóvember að Hótel Loftleiðum. Meðal efnis verða tvö námskeið, „Avoiding the Pitfalls in the Audit Process“ og „Problem Areas in the Audit“. Fyrirlesari verður Keith Rye, frá CA Business Courses í Skotlandi. Auk félagsfundar og aðalfundar FLE sem haldnir verða í tengslum við haustráðstefnuna verður árshátíð félagsins haldin í Víkingasal Hótel Loftleiða að kvöldi laugardagsins 14. nóvember.

sín vel og af bestu getu leiðir til þess að þeir þurfa að taka þau skref sem nauðsynleg eru til að sjá til þess að fyrirtæki þeirra sé undirbúið fyrir gjaldmiðilsbreytinguna. Stjórn þarf að kanna áhrif hennar á reksturinn og gera áætlanir til að taka á þeim málum sem upp munu koma. Endurskoðandi ætti að kanna undirbúning stjórnar fyrir upptöku hins nýja gjaldmiðils með tilliti til mats á áframhaldandi rekstrarhæfi fyrirtækisins. Stjórnendur fyrirtækja þurfa að gera sér grein fyrir því að innleiðing nýs gjaldmiðils breytir í engu ábyrgð endurskoðenda hvað varðar lög og endurskoðunarstaðla.

c) Breytingar á upplýsingakerfum sem þarf að gera vegna breytinga á gjaldmiðli þarf ekki að vera of flókin eða kostnaðarsöm, en mikið af því byggir á þeirri stefnu sem valin er. Best er að að skipta fljótt yfir í evruna og nota bankakerfið vel.

Allar frekari upplýsingar varðandi efni frá FEE varðandi hinn evrópska gjaldmiðil má finna á netinu, á slóðinni <http://www.euro.fee.be>.

Frjálst er að nota efni blaðsins að hluta til eða í heild ef heimildar er getið.

Prentun Oddi